

Fundargerð 25.jan. 2005
2. fundur á árinu, 8. fundur FFGÍR skólárið 2004-2005
Staður: Myllubakkaskóli

Mættir: Myllubakkaskóli: Hrafnhildur, Álfheiður. **Holtaskóli:** Ásdís Ýr.
Njarðvíkurskóli: Anna.

Sóley formaður og Ingibjörg verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

Anna Wahlström boðin velkomin, fyrsti fundur FFGÍR sem formaður foreldraráðs Njarðvíkurskóla.

1. mál: Staða mála hjá foreldrafélögum/ráðum

Hrafnhildur greinir frá fundi með skólastjóra Myllubakka. Skólinn mun að öllum líkindum bjóða upp á 2x í viku markvissa upprifjun fyrir 10. bekk, og styðjast mikið við vefinn: www.stodkennarinn.is Ekki er var rætt um námshópa að fyrirmynd Holtaskóla sl. ár.

Ásdís Ýr bendir á grein Jóhanns Geirdal á síðu Holtaskóla. www.holtaskoli.is, um samræmd próf í 4. og 7.bekk.

Anna greinir frá áherslum foreldraráðs Njarðvíkur, sem eru aðallega að ræða um stefnu skólans varðandi heimanám, og einkunnagjöf yngri bekkja, þ.e. hvort sé rétt að sleppa því, sem og uppbyggingarstefnu sem nýlega var tekin upp í agareglum skólans

2. mál: Frístundaskóli

Fundarmenn hafa orðið varir við mikla óánægju og óöryggi meðal foreldra barna í Frístundaskóla, einkum barna í 1. og 2.bekk, vegna yfirvofandi breytinga og ónógra upplýsinga, þ.e. að börn verði ekki lengur keyrð á æfingar, heldur taki strætó. Spurningar vakna um öryggi, og hver sé ábyrgð Frístundaskóla á öryggi barnsins, t.d. ef barn skilar sér ekki af íþróttæfingu? Hver ber ábyrgðina? Hrafnhildur og Hrefna hafa skrifað grein sem birtist í VF um þetta efni, og Sóley mun spyrja um málið á næsta Fræðsluráðsfundi.

3. mál: Vinnuhópar

Ingibjörg sýnir uppkast að bréfi sem á að senda til skólastjóra vegna tilnefninga í samstarfshópa. Fundarmenn lásu yfir og komu með ábendingar, og Ingibjörg sendir til skólastjóra fyrir lok vikunnar, afrit á Fræðslustjóra og til allra stjórnarmanna FFGÍR.

4. mál: Fræðslukvöld FFGÍR með foreldrum:

-Kynning Rannsóknar og greiningar: *Hagir og líðan ungs fólks í Reykjanesbæ* 17. feb. nk.

Talið að tímasetningin 20:00 henti betur en milli 17-19. Hugmyndir koma um t.d. getnaðarvarnir/kynlíf, tómstundastarf unglinga þar sem formenn nemendafélaganna kæmu inn í, öflugt tónlistarstarf o.fl. Ingibjörg fylgir betur eftir við RogS.

-*Netnotkun ungmenna*, verður líklega haldið í 88-húsinu 17.mars Þátttakendur verða Hafþór í Fjörheimum, Anna Margrét hjá Heimili og skóla, og Sigurður Brói Guðmundsson tölvukennari í Njarðvík. Umræður um hvort 88-húsið rúmi alla sem

gætu haft áhuga, IÓ spyr Hafþór. Smá hugflæði: “Hvað er MSN?” gæti t.d. verið titill á grein til að fylgja eftir þessari umræðu og fræðslu til foreldra.

5. Önnur mál,

- I. Stjórnarmenn skrifa undir lög FFGÍR, og umsókn um kennitölu.
- II. Ingibjörg greinir frá samskiptum við fulltrúa foreldra í skólanefndnum nágrannasveitarfélaga, vegna erindis frá Heimili og skóla. Greinilegur vilji og áhugi til meiri samskipta og samstarfs frá þeirra hálfu.
- III. Samþykkt að einn stjórnarmeðlimur foreldrafélags eða ráðs sé styrktur af FFGÍR til þátttöku á ráðstefnu um Drengjamenningu, karlmennsku og stráka í grunnskóla, 24.febr. (sjá www.heimiliogskoli.is/www.gardabaer.is) Ingibjörg kynnir fyrir stjórnarmeðlimum FFGÍR.
- IV. Ingibjörg minnir á **Foreldrakvöld í KHÍ, 8.febrúar**. Hefst kl. 20:00 og eru til 22:00 í Hjalla (H207) nýju byggingu Kennaraháskólans við Stakkahlíð. **Skóli fyrir alla? - hvernig lítur skóli án aðgreiningar út fyrir alla þátttakendur í skólstarfinu.** Allir eru velkomnir. Fyrirlesari verður Hanna Ragnarsdóttir.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 19:00

Næsti fundur þriðjudaginn 22. feb. Myllubakkaskóla kl. 17:15